

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Grundarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	19.9.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Finnbogi Elíasson	<b>Staðsetning</b>	298888,207 498613,941

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli beggja olíuskilja í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stöðust frárennslin þau próf. Olíuskiljur voru þjónustaðar í júní sl.

Báðir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Allar lagnir á að þrýstiprófa á yfirstandandi ári og skulu niðurstöður berast Umhverfisstofnun fyrir næstu áramót.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Tekið var á lokum í frárennslum þróa og reyndust báðir standa lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Skoðað var að frávikum síðasta árs er farsællega lokið

Girðingar og hlið í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 23.09.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.